

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2020

Efni: Frumvarp til breytinga á áfengislögum (Mál nr. 35/2020)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um framvarp til breytinga á áfengislögum. Frumvarpið felur í sér að dregið verður úr einokun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda. Viðskiptaráð telur frumvarpið vera skref í rétta átt en að ganga þurfi mun lengra og afnema að fullu einokunarverslun ríkisins á smásölu með áfengi.

Aukið atvinnufrelsi bætir lífskjör

Það hefur ávallt verið mat Viðskiptaráðs að einkaaðilar séu betur til þess fallnir að standa í atvinnurekstri en hið opinbera. Einkaaðilar þurfa að haga rekstri sínum með sem hagkvæmustum hætti til þess að verða ekki undir í samkeppnisumhverfi. Reynslan af íslenskum smásölumarkaði sýnir þetta svart á hvítu, en aukið frelsi í verslunarrekstri hefur stuðlað að verulegum kjarabótum fyrir neytendur hérlandis á undanförunum áratugum.

Smásala áfengis hefur hingað til verið undanþegin þessari þróun. ÁTVR hefur í dag einkaleyfi á smásölu með áfengi og þannig ríkir einokun á því sviði þrátt fyrir að um atvinnurekstur sé að ræða. Afleiðingin er sú að kraftar samkeppni leiða ekki til aukinna hagkvæmni í rekstri líkt og raunin hefur verið í verslun með aðrar vörutegundir. Af þessum sökum má telja að undanþága vefverslunar frá einokunarstarfsemi ríkisins á smásölumarkaði með áfengi geti leitt til bættrar stöðu neytenda. Aftur á móti telur ráðið nauðsynlegt að stíga skrefið til fulls og gefa smásölu með áfengi frjálsa.

Bann án sjáanlegs tilgangs

Viðskiptaráð telur að frumvarpið feli aðallega í sér að tryggja jafnræði á milli innlendrar og erlendrar verslunar á þessu sviði. Núverandi fyrirkomulag felur í sér að eingöngu erlendir aðilar geta selt Íslendingum áfengi á netinu, sem er að mati ráðsins ótækt. Það er óeðlilegt að hið opinbera handstýri neytendum í viðskipti við erlendar verslanir með því að takmarka atvinnufrelsi hér á landi. Slíkt getur m.a. falið í sér sóun líkt og nefnt er í greinargerðinni í þeim skilningi að dæmi eru um að íslenskar vörur hafi verið fluttar fram og til baka yfir Atlantshafið, eingöngu vegna þess ójafnræðis sem íslenskir verslunarrekendur eru beittir í núverandi regluverki.

Loks telur ráðið lýðheilsusjónarmið ekki eiga við um það frumvarp sem hér er kynnt enda er vefverslun erlendra nú þegar leyfileg og í fullri starfsemi. Því má fyrst og fremst búast við að selt magn flytjist frá erlendri verslun til innlendrar verslunar án þess þó að það aukist svo nokkru nemi.

Viðskiptaráð leggur til að **frumvarpið nái fram að ganga**. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands



Ísak Einar Rúnarsson